




LEGGÐU ÞIG FRAM VIÐ

**AÐ LESA OG KENNA**



th-C  
181002



# LEGGÐU ÞIG FRAM VIÐ AÐ LESA OG KENNA

– 1. TÍMÓTEUSARBRÉF 4:13

NAFN

---

SÖFNUÐUR

---

**Þetta rit er ekki til sölu. Útgáfa þess er þáttur í alþjóðlegri  
biblíufræðslu sem kostuð er með frjálsum framlögum.  
Þú getur farið inn á [www.jw.org](http://www.jw.org) til að gefa framlag.**

Vitnað er í íslensku biblíuna frá 2010 nema annað sé tekið fram.  
Leturbreytingar eru okkar. Tilvísanir í *New World Translation of the  
Holy Scriptures* eru merktar *NW*.

*Apply Yourself to Reading and Teaching*

Prentað í október 2018

Icelandic (*th-IC*)

© 2018

Watch Tower Bible and Tract Society of Pennsylvania

Útgefendur

© Druck und Verlag: Wachturm Bibel- und Traktat-Gesellschaft, Selters/Ts.

Prentað í Þýskalandi

Made in Germany

# EFNISYFIRLIT

## ÞJÁLFUNAR- LIÐUR

Bréf frá hinu stjórnandi ráði

- 1 Áhrifarík inngangsorð
- 2 Samtalsform
- 3 Að nota spurningar
- 4 Biblíuvers vel kynnt
- 5 Nákvæmni í lestri
- 6 Biblíuvers vel heimfærð
- 7 Nákvæmt og sannfærandi
- 8 Áhrifaríkt myndmál
- 9 Sýnigögn
- 10 Raddbrigði
- 11 Eldmóður
- 12 Hlýja og samkennd
- 13 Hagnýtt gildi dregið fram
- 14 Aðalatriðin dregin fram
- 15 Sannfæringarkraftur
- 16 Vertu jákvæður og uppbyggjandi
- 17 Skýrt og auðskilið
- 18 Fræðandi fyrir áheyrendur
- 19 Náðu til hjartans
- 20 Áhrifarík lokaorð

## Bréf frá hinu stjórnandi ráði

„Þið ættuð að vera kennarar.“ (Hebr. 5:12) Hugsaðu þér! Jehóva, færasti kennari í alheiminum, býður *okkur* að fræða fólk um sig. Það er dýrmætur heiður og jafnframt mikil ábyrgð að kenna sannleikann um Jehóva, hvort heldur er í fjölskyldunni, söfnuðinum eða í boðuninni. Hvernig getum við axlað þessa ábyrgð með góðum árangri?

Svarið er að finna í orðum Páls til Tímóteusar: „Ver kostgæfinn við að lesa upp úr Ritningunni, uppörva og kenna.“ Páll bætti síðan við: „Þegar þú gerir það muntu bæði frelsa sjálfan þig og áheyrendur þína.“ (1. Tím. 4:13, 16) Boðskapurinn sem þú færir fólki getur bjargað mannlífum. Þess vegna er brýnt að taka framförum í að lesa og kenna. Þessi bæklingur getur hjálpað þér að taka framförum. Skoðum nokkra þætti hans.



Á hverri blaðsíðu er tilvitnun í Biblíuna sem hefur að geyma meginreglu sem tengist þjálfunarliðnum eða dæmi um hvernig fara má að.



Gagnleg ráð sem tengjast aðalatriðinu í þjálfunarliðnum.

**Í BOÐUNINNI:** Tillögur sem eiga sérstaklega við í boðuninni. Aðrar leiðbeiningar geta nýst bæði í boðuninni og þegar kennt er frá sviðinu.

Jehóva er „lærifaðir“ okkar. (Jes. 30:20) Þessi bæklingur getur hjálpað þér að taka framförum í að lesa og kenna en gleymdu aldrei að boðskapurinn kemur frá Jehóva og hann laðar fólk að sér. (Jóh. 6:44) Biddu þess vegna oft um heilagan anda. Notaðu Biblíuna óspart. Beindu alltaf athyglinni að Jehóva en ekki sjálfum þér. Hjálpaðu áheyrendum þínum að rækta með sér sterkan kærleika til hans.

Þú hefur fengið tækifæri til að færa fólki mikilvægasta boðskap sem mannkynið hefur nokkurn tíma fengið. Við erum sannfærðir um að þú náir góðum árangri þegar þú treystir að „Guð gefi máttinn til þess“. – 1. Pét. 4:11.

Samkennarar ykkar,

*stjórnandi ráð Votta Jehóva*

# 1

## Áhrifarík inngangsorð



Postulasagan 17:22

**YFIRLIT:** Inngangsorðin ættu að vekja áhuga, kynna umræðuefnið og sýna hvers vegna það er áhugavert fyrir áheyrendur.

### HVERNIG FER MAÐUR AÐ?

- **Vektu áhuga.** Veldu spurningu, fullyrðingu, atvik eða frétt sem gæti vakið áhuga áheyrenda.



Íhugaðu fyrir fram hvað gæti vakið áhuga áheyrenda og hverjar áhyggjur þeirra eru. Miðaðu síðan inngangsorðin við það.

- **Kynntu umræðuefnið.** Fullvissaðu þig um að það komi skýrt fram í inngangsorðunum hvert umræðuefnið er og markmið þess.

- **Sýndu fram á hvers vegna efnið er áhugavert.** Aðlagðu það sem þú segir að þörfum áheyrenda. Þeir þurfa að skilja hvernig þeir geta haft gagn af efninu.



Þegar þú undirbýrð ræðu skaltu spyrja þig: Hvað eru bræður og systur í mínum söfnuði að glíma við? Miðaðu síðan inngangsorðin við þarfir þeirra.

**Í BOÐUNINNI:** Til að finna út hvað gæti vakið áhuga viðmælandans skaltu taka eftir því hvert áhugasvið hans er eða umhverfið segir til um. Byrjaðu samræður á því að spyrja spurningar eða minnst á það sem þú tókst eftir.

# Samtalsform

# 2

**YFIRLIT:** Talaðu á eðlilegan og einlægan hátt sem endurspeglar viðhorf þitt til umræðuefnisins og áheyrenda þinna.



2. Korintubréf 2:17

## HVERNIG FER MAÐUR AÐ?

- **Undirbúðu þig vandlega og í bæn.**

Biddu Jehóva um hjálp til að einbeita þér að því sem þú ætlar að segja en ekki sjálfum þér. Hafðu meginatriðin sem þú ætlar að benda á skýrt í huga. Settu efnið fram með eigin orðum í stað þess að lesa upp orð fyrir orð.



Ef þú ætlar að lesa beint upp úr Bibliunni eða öðru riti skaltu kynna þér efnið vel til að geta lesið það reiprennandi. Ef þú vitnar í orð annarra ættirðu að lesa með tilfinningu en forðast of mikil tilþrif.

- **Talaðu frá hjartanu.** Veltu fyrir þér hvers vegna áheyrendur þínir þurfa að heyra boðskapinn. Einbeittu þér að áheyrendum. Þá mun líkamsstaða, látbragð og svipbrigði endurspegla einlægni og hlýju.



Ekki rugla því saman að vera eðlilegur og kæruleysislegur. Sýndu boðskapnum virðingu með því að tala skýrt og rétt mál.

- **Horfðu á áheyrendur.** Hafðu augnasamband ef það þykir viðeigandi. Horfðu á einn áheyrenda í einu þegar þú flytur ræðu, í stað þess að horfa eða skima yfir allan hópinn.

# 3

## Að nota spurningar



Matteus 16:13-16

**YFIRLIT:** Vektu áhuga og viðhaltu honum með viðeigandi spurningum til að rökræða við áheyrendur og leggja áherslu á mikilvæg atriði.

### HVERNIG FER MAÐUR AÐ?

- **Vektu áhuga og viðhaltu honum.** Notaðu spurningar til að vekja áheyrendur til umhugsunar eða til að vekja forvitni þeirra.
- **Rökræddu málin.** Hjálpaðu áheyrendum þínum að skilja rökfærslu þína með því að nota spurningar sem leiða að rökréttri niðurstöðu.
- **Leggðu áherslu á mikilvæg atriði.** Berðu fram forvitnilega spurningu til að kynna meginhugmynd. Notaðu upprifjunarspurningar eftir að hafa rætt um mikilvægt atriði eða í loka-orðunum.



Þegar þú hefur lesið biblíuvers skaltu nota spurningar til að leggja áherslu á aðalatriðið í versinu eða versunum.

Í **BOÐUNINNI:** Spyrðu viðmælanda þinn hvað honum finnst um ákveðið málefni. Hlustaðu af athygli á svarið. Sýndu góða dómgreind og tillitsemi þegar þú ákveður hvenær og hvernig þú spyrð spurninga.



# Biblíuvers vel kynnt

## 4

**YFIRLIT:** Undirbúðu áheyrendur þína áður en þú lest biblíuvers.



Matteus 22:41-45

### HVERNIG FER MAÐUR AÐ?

- **Íhugaðu hvers vegna þú lest þetta biblíuvers.** Kynntu hvert biblíuvers þannig að athygli áheyrenda beinist að því atriði sem þú villt leggja áherslu á í versinu.



Taktu mið af samhenginu. Eignaðu réttum aðila tilvitnanir og biblíubækur réttum biblíuritara.

- **Vísaðu í Biblíuna sem áreiðanlega heimild.** Þegar þú talar við fólk sem trúir á Guð skaltu beina athygli þess að Biblíunni, orði Guðs, til að sýna að hún er uppspretta viskunnar.

- **Vektu áhuga á biblíuversinu.** Þú getur borið fram spurningu sem er svarað í versinu, bent á vandamál sem ráðin í versinu hjálpa til við að leysa eða nefnt meginreglu sem kemur fram í versinu.



Taktu mið af því sem áheyrendur vita um efnið og biblíuversíð. Kynntu það á áhugaverðan hátt, líka vel þekkt efni, og hjálpaðu áheyrendunum að sjá nýjan flöt á því.

# 5

## Nákvæmni í lestri



1. Tímóteusarbréf 4:13

YFIRLIT: Lestu upphátt það sem stendur á blaðsíðunni.

### HVERNIG FER MAÐUR AÐ?

- **Undirbúðu þig vel.** Íhugaðu hvers vegna kafllinn var skrifaður. Æfðu þig í að lesa orðasambönd en ekki bara stök orð. Gættu þess að sleppa ekki, bæta ekki við eða skipta út orðum. Taktu mið af öllum greinarmerkjum.



Fáðu vin til að hlusta á þig lesa og benda á orð sem þú lest ekki rétt.

- **Berðu hvert orð rétt fram.** Ef þú veist ekki hvernig á að bera eitthvert orð fram skaltu fletta því upp í orðabók, hlusta á hljóðskrá með upplestri ritsins eða biðja einhvern sem les vel um aðstoð.

- **Talaðu skýrt og greinilega.** Vandaðu framburðinn, réttu vel úr þér og opnaðu vel munninn. Leitastu við að bera fram hvern einasta sérhljóða.



Ekki bera orðin svo skýrt fram að lesturinn verði óeðlilegur.

# 6

## Biblíuvers vel heimfærð

**YFIRLIT:** Láttu þér ekki nægja að lesa biblíuvers og snúa þér svo að næsta atriði. Fullvissaðu þig um að áheyrendur skilji hvernig versið tengist því sem þú ert að leggja áherslu á.



Jóhannes 10:33-36

### HVERNIG FER MAÐUR AÐ?

- **Afmarkaðu lykilorðin.** Þegar þú hefur lesið biblíuvers skaltu leggja áherslu á þau orð sem tengjast aðalatriðinu beint. Þú getur gert það með því að endurtaka orðin eða með því að varpa fram spurningu sem fær áheyrendur til að koma auga á lykilorðin.



Ef þú endurorðar meginhugsunina í biblíuversinu skaltu vera viss um að áheyrendurnir skilji samt hvernig orðalagið tengist því sem stendur í biblíuversinu.

- **Leggðu áherslu á það sem þú villt að áheyrendur muni.** Ef þú kynnir biblíuvers í ákveðnum tilgangi skaltu útskýra hvernig lykilorðin í versinu tengjast honum.



Hafðu Biblíuna opna á meðan þú ert að ræða um biblíuversið. Það hjálpar áheyrendum þínum að tengja orð þín við biblíuversið sem þú varst að lesa.

- **Heimfærðu efnið á einfaldan hátt.** Farðu ekki út í óþarfa smáatriði sem skýra ekki aðalatriðið. Taktu mið af þekkingu áheyrenda á efninu þegar þú ákveður hve miklar upplýsingar þarf til að heimfæra það skýrt og greinilega.

# 7

## Nákvæmt og sannfærandi



Lúkas 1:3

**YFIRLIT:** Notaðu gild rök til að hjálpa áheyrendum þínum að komast að rétttri niðurstöðu.

### HVERNIG FER MAÐUR AÐ?

- **Notaðu traustar heimildir.** Byggðu skýringar þínar á orði Guðs, lestu beint upp úr Biblíunni þegar mögulegt er. Ef þú vitnar í vísindalegar staðreyndir, fréttir, frásögur eða aðrar heimildir skaltu kynna þér fyrir fram hvort heimildin sé traust og í samræmi við nýjustu upplýsingar.

- **Farðu rétt með heimildir.** Útskýrðu biblíuvers í samræmi við samhengið, heildarboðskap Biblíunnar og rit „hins trúa og hyggna þjóns“. (Matteus 24:45) Notaðu veraldlegar heimildir í samræmi við upphaflegt samhengi og markmið höfundar.



Ekki gera of mikið úr staðreyndum og tölum eða ýkja þær. Gættu þess að „sumir“ verði ekki „flestir“, „stundum“ verði ekki „alltaf“ og „hugsanlega“ verði ekki „sennilega“.

- **Rökræddu við áheyrendur.** Þegar þú hefur lesið biblíuvers eða vitnað í heimild, skaltu varpa fram spurningum af háttvísi eða nota dæmi til að hjálpa áheyrendum eða viðmælenda að draga sínar eigin ályktanir.

**Í BOÐUNINNI:** Þegar þú undirbýrð þig fyrir boðunina skaltu íhuga hvaða spurningar þú gætir fengið og afla þér síðan upplýsinga til að geta svarað þeim. Ef viðmælandi þinn varpar fram spurningu sem þú getur ekki svarað skaltu bjóðast til að kynna þér málið betur og koma aftur seinna.

# Áhrifaríkt myndmál



**YFIRLIT:** Bættu kennsluna með einföldu myndmáli sem höfðar til áheyrenda þinna og kennir mikilvæg atriði.



Matteus 13:34, 35

## HVERNIG FER MAÐUR AÐ?

- **Veldu einfaldar líkingar.** Gerðu eins og Jesús og notaðu hið smáa til að varpa ljósi á hið stóra og hið einfalda til að útskýra hið flókna. Ekki flækja líkinguna með ónauðsynlegum aukaatriðum. Vertu viss um að líkingin eigi vel við námsefnið, sem þú ert að kenna, svo áheyrendur missi ekki þráðinn.



Vertu athugull. Fylgstu með heiminum í kringum þig, lestu rit safnaðarins og fylgstu með góðum kennurum. Þegar þú gerir það skaltu skrifa hjá þér líkingar sem þú gætir notað til að verða betri kennari.

- **Hafðu áheyrendur þína í huga.** Veldu líkingar sem eru sóttar í daglegt líf og áhugamál áheyrenda þinna. Gættu þess að nota líkingar sem hvorki móðga áheyrendur þína né gera þá vandræðalega.

- **Kenndu aðalatriðin.** Einbeittu þér að því að lýsa aðalatriðum en ekki aukaatriðum. Sjáðu til þess að áheyrandi þinn muni ekki bara líkinguna heldur líka lærdóminn sem draga má af henni.

# 9

## Sýnigögn



1. Mósebók 15:5

**YFIRLIT:** Notaðu sýnigögn til að lífga upp á kennsluna og draga fram mikilvæg atriði.

### HVERNIG FER MAÐUR AÐ?

- **Veldu sýnigögn sem gera kennsluna áhrifaríkari.** Notaðu myndir, skýringateikningar, landakort, tímalínur eða annars konar sýnigögn til að leggja áherslu á *mikilvæg* atriði, ekki smáatriði. Hjálpaðu áheyrendunum að muna ekki bara eftir sýnigögnunum heldur því sem verið er að kenna.

- **Fullvissaðu þig um að áheyrendur sjái sýnigögnin.**



Tryggðu með góðum fyrirvara að sýnigögnin sem þú ætlar að nota séu til reiðu.

Í **BOÐUNINNI:** Beindu athygli viðmælanda þins að mynd í riti og biðu hann að lýsa því sem hann sér. Varpaðu fram fleiri spurningum ef með þarf til að leggja áherslu á meginatriði. Snúðu skjánum að viðmælandanum þegar þú spilar myndskaið. Yfirlitt þarf ekki að tala á meðan myndskaiðið er spilað.

# Raddbrigði

# 10

**YFIRLIT:** Notaðu breytilegan raddstyrk, tónhæð og hraða til að koma hugmyndum skýrt til skila og hreyfa við tilfinningum fólks.



Orðskviðirnir 8:4, 7

## HVERNIG FER MAÐUR AÐ?

- **Notaðu breytilegan raddstyrk.**

Hækkaðu röddina til að leggja áherslu á aðalatriði og til að hvetja áheyrendur þína. Sama á við þegar þú lest dómsboðskap í Biblíunni. Lækkaðu röddina til að byggja upp eftirvæntingu og til að túlka ótta eða kvíða.



Ekki hækka róminn það oft að áheyrendum finnist þú vera að skamma þá. Gættu þess að draga ekki athygli að sjálfum þér með of miklum tilþrifum.

- **Notaðu mismunandi tónhæð.** Hækkaðu tóninn ef það er viðeigandi á þínu málsvæði til að láta í ljós ákafa og til að lýsa stærð og fjarlægð. Lækkaðu tóninn til að tjá sorg eða ótta.

- **Notaðu breytilegan hraða.** Talaðu hraðar til að sýna ákafa. Talaðu hægar þegar þú nefnir mikilvæg atriði.



Breyttu ekki hraðanum of snögglega þannig að áheyrendum þínum bregði. Talaðu ekki of hratt því það gæti bitnað á framsögninni.

# 11

## Eldmóður



Rómverjabréfið 12:11

**YFIRLIT:** Talaðu af eldmóði til að glæða áhuga áheyrenda þinna og hvetja þá.

### HVERNIG FER MAÐUR AÐ?

- **Hafðu brennandi áhuga á efninu.** Íhugaðu á meðan þú undirbýrð þig hversu þýðingamikill boðskapurinn er sem þú ætlar að koma á framfæri. Kynntu þér efnið það vel að þú getir talað frá hjartanu.
- **Hafðu áheyrendur þína í huga.** Hugleiddu hvað aðrir geta haft mikið gagn af því sem þú ætlar að lesa eða kenna. Veltu fyrir þér hvernig þú getir sett efnið fram svo áheyrendur geti lært enn betur að meta það.
- **Blástu lífi í flutninginn.** Talaðu af eldmóði. Notaðu eðlilega handa-tilburði og svipbrigði sem túlka tilfinningar þínar.



Gættu þess að draga ekki athygli áheyrenda frá efninu með því að nota sömu tilburði aftur og aftur. Sýndu eldmóð sérstaklega þegar þú ert að kenna meginatriði og hvetja áheyrendur til dáða. Ekki flytja efnið allan tímann af það miklum eldmóði að áheyrendur þreytist.



# Hljýja og samkennd

# 12

**YFIRLIT:** Talaðu af einlægni og sýndu áheyrendum þínum að þér sé annt um þá.



1. Þessaloníkubríf 2:7, 8

## HVERNIG FER MAÐUR AÐ?

- **Hafðu áheyrendur þína í huga.** Hugsaðu um þá erfiðleika sem þeir þurfa að takast á við. Reyndu að gera þér í hugarlund hvernig þeim líður.
- **Veldu orð þín vandlega.** Leitastu við að hressa áheyrendur þína við, hugga þá og hvetja. Forðastu orðalag sem gæti móðgað þá að óþörfu og talaðu hvorki niðrandi um fólk sem trúir ekki á Jehóva né trúarskoðanir þeirra.
- **Sýndu áhuga.** Sýndu áheyrendum þínum með vingjarnlegum raddblæ og viðeigandi tilburðum að þér sé annt um þá. Vertu meðvitaður um svipbrigðin sem þú vilt sýna og vertu brosmildur.



Ekki þvinga fram eða ýkja tilfinningar. Lestu með tilfinningu sem hæfir efninu án þess að draga óþarfa athygli að sjálfum þér. Áhersla á samhljóða getur gert flutninginn kaldan og snubbóttan. Teygðu sérhljóðana svo raddblærin verði hlýlegri.

# 13

## Hagnýtt gildi dregið fram



Orðskviðirnir 3:21

**YFIRLIT:** Hjálpaðu áheyrendum þínum að skilja hvernig efnið snertir líf þeirra og sýndu þeim hvernig þeir geti nýtt sér það sem þeir læra.

### HVERNIG FER MAÐUR AÐ?

- **Hafðu áheyrendur þína í huga.** Íhugaðu hvers vegna áheyrendur þínir þurfa á þessari fræðslu að halda og veltu fyrir þér hvaða flötur á efninu kæmi þeim sérstaklega að gagna.

- **Sýndu áheyrendum þínum frá upphafi til enda ræðunnar hvernig þeir geti nýtt sér efnið.** Hver einasti áheyrandi ætti alveg frá byrjun að hugsa: „Þetta er áhugavert.“ Þegar þú vinnur úr aðalatriðunum skaltu útskýra hvernig eigi að heimfæra hvert og eitt þeirra. Vertu hnitmiðaður frekar en að tala almennt um efnið.



Talaðu af kærleika og skilningi þegar þú fjallar um hvernig eigi að beita meginreglum Biblíunnar. Í stað þess að láta aðra fyllast sektarkennd skaltu styrkja kærleika þeirra og trú, fullviss um að þeir finni hjá sér hvöt til að gera það sem er rétt.

**Í BOÐUNINNI:** Þegar þú undirbýrð þig fyrir boðunina skaltu skoða hvað er í fréttum og hvaða málefni gætu verið ofarlega í huga fólks á svæðinu. Aðlagaðu síðan orð þín að því sem hentar hverju sinni. Spyrðu spurninga af nærgætni sem hvetja fólk til að tala um það sem veldur þeim áhyggjum og það sem því finnst áhugavert. Hlustaðu síðan á svarið og miðaðu kennsluna við það.

# Aðalatriðin dregin fram

**YFIRLIT:** Hjálpaðu áheyrendum þínum að fylgjast með efninu og sýndu fram á hvernig hvert aðalatriði tengist markmiði og stefi ræðunnar.



Hebreabréfið 8:1

## HVERNIG FER MAÐUR AÐ?

- **Settu þér markmið.** Íhugaðu hvort ræðan eigi að upplýsa, sannfæra eða hvetja áheyrendur. Síðan skaltu vinna úr efninu í samræmi við það. Vertu viss um að aðalatriðin hjálpi þér að ná markmiðinu sem þú settir þér.



Spyrðu þig: „Hvaða spurningar eða mótbárur gætu áheyrendur komið með varðandi efnið? Í hvaða röð myndu þeir setja fram þessar spurningar eða mótbárur?“ Raðaðu síðan efninu í sömu röð svo að áheyrendur þínir geti fylgst með, skilið og meðtekið upplýsingarnar.

- **Leggðu áherslu á ræðustefið.** Nefndu stefið út í gegnum ræðuna með því að endurtaka lykilorðin í stefinu eða nota samheiti.

- **Hafðu aðalatriðin skýr og einföld.** Veldu eingöngu aðalatriði sem tengjast stefinu og þú getur útskýrt vel á þeim tíma sem þú hefur til umráða. Ekki hafa of mörg aðalatriði. Taktu skýrt fram hvert aðalatriði fyrir sig, taktu síðan málhvöld og snúðu þér að næsta aðalatriði.



Þú gætir nefnt aðalatriðin í inngangsorðunum til að hjálpa áheyrendum að fylgjast með eða endurtekið þau í lokaorðunum til að hjálpa áheyrendum að muna þau.

# 15

## Sannfæringarkraftur



1. Þessaloníkubríf 1:5

**YFIRLIT:** Sýndu að þú sért sannfærður um sannleikann og að það sem þú segir sé mikilvægt.

### HVERNIG FER MAÐUR AÐ?

- **Undirbúðu þig vandlega.** Rannsakaðu efnið þangað til þú skilur hvernig rökin í Biblíunni sýna fram á sannleiksgildi þess. Reyndu að lýsa meginatriðunum í verkefni þínu með fáeinum einföldum orðum. Beindu athyglinni að því hvernig efnið getur hjálpað þeim sem hlusta. Biddu um heilagan anda.



Æfðu þig með því að lesa ræðuna upphátt til að þú sért vel heima í efninu og til að bæta flutninginn.

- **Notaðu orð sem gefa til kynna að þú sért sannfærður.** Notaðu eigin orð frekar en að endurtaka það sem stendur í riti. Tjáðu þig þannig að það sýni að þú sért sannfærður um það sem þú segir.

- **Sýndu áhuga og einlægni.** Talaðu nógu hátt. Þar sem það telst viðeigandi skaltu hafa augnsamband við áheyrendur.



Ruglaðu því ekki saman að tjá sannfæringu og vera kreddufastur, ýtinn eða skorta háttvísi. Þú skalt höfða til áheyrenda þinna með kærleika þótt þú talir af ákafa og áhuga.

# Vertu jákvæður og uppbyggjandi

# 16

**YFIRLIT:** Beindu athygli áheyrenda að því sem getur bætt aðstæður og verið hvetjandi.



Jobsbók 16:5

## HVERNIG FER MAÐUR AÐ?

- **Proskaðu með þér jákvætt viðhorf til áheyrenda þinna.** Gerðu ráð fyrir því að trússystem þín vilji þóknast Jehóva. Jafnvel þegar þú verður að gefa leiðbeiningar skaltu fyrst hrósa einlæglega þegar það á við.



Láttu kærleika, ekki gremju, stjórna því sem þú segir. Brostu hlýlega til að tengjast áheyrendum þínum.

- **Takmarkaðu umfjöllun um það sem er neikvætt.** Gættu þess að fjalla ekki um neikvæð atriði meira en nauðsynlegt er. Á heildina lítið ætti framsetningin að vera jákvæð.

- **Notaðu orð Guðs sem best.** Beindu athygli áheyrenda að því sem Jehóva hefur gert, er að gera og mun gera fyrir mannkynið. Vertu hvetjandi og hughreystandi.

**Í BOÐUNINNI:** Líttu á hvern og einn sem þú hittir sem mögulegan bróður eða systur í trúnni.

# 17

## Skýrt og auðskilið



1. Korintubríf 14:9

**YFIRLIT:** Hjálpaðu áheyrendum þínum að skilja merkingu þess sem þú hefur að segja.

### HVERNIG FER MAÐUR AÐ?

- **Rannsakaðu efnið vandlega.** Til að geta útskýrt efnið á einfaldan hátt með eigin orðum þarftu að skilja efnið vel.

- **Notaðu stuttar setningar og einfalt orðalag.** Þótt langar setningar geti átt rétt á sér skaltu kynna aðalatriði með hnitmiðuðu orðalagi og setningum.



Slepptu óþarfa smáatriðum sem gætu verið yfirþyrmandi og ruglandi fyrir áheyrendur. Veldu frekar einfalt mál heldur en flókið.

- **Útskýrðu framandi hugtök.** Forðastu orðalag sem áheyrendum gæti fundist framandi. Ef þú þarft að nota framandi hugtak, gamla mælieiningu eða nefnir biblíupersónu eða siðvenju skaltu gefa nánari skýringar.

# Fræðandi fyrir áheyrendur

**YFIRLIT:** Örvaðu hugsun áheyrenda þannig að þeim finnist þeir hafa lært eitthvað sem skiptir máli.



1. Korintubrэф 9:19-23

## HVERNIG FER MAÐUR AÐ?

- **Hugleiddu hvað áheyrendur þínir vita um efnið.** Hjálpaðu áheyrendum þínum að sjá efnið frá nýju sjónarhorni frekar en að endurtaka bara það sem þeir hafa heyrt áður.



Hægðu á þér þegar þú kynnir nýjar hugmyndir en farðu hraðar yfir þekkt atriði.

- **Rannsakaðu og hugleiddu.** Þegar mögulegt er skaltu nota minna þekktar staðreyndir eða atburði líðandi stundar til að útskýra aðalatriði. Hugleiddu efnið vandlega og tengdu það vel við þær staðreyndir sem þú ætlar þér að vísa til.



Þegar þú kynnir þér efnið skaltu örva hugsun þína með því að nota spurnarorð eins og *hvað*, *hvers vegna*, *hvenær*, *hvar*, *hver* og *hvernig*. Lifgaðu upp á kennsluna með því að varpa fram og svara nokkrum þessara spurninga.

- **Sýndu fram á notagildi þess sem þú segir.** Útskýrðu hvernig biblíuvers geta hjálpað áheyrendum þínum í daglegu lífi þeirra. Ræddu um sérstakar aðstæður, viðhorf og verk sem skipta áheyrendur þína máli.

# 19

## Náðu til hjartans



Orðskviðirnir 3:1

**YFIRLIT:** Hjálpaðu áheyrendum þínum að meta það sem þeir læra og fara eftir því.

### HVERNIG FER MAÐUR AÐ?

- **Hjálpaðu áheyrendum þínum að gera sjálfsrannsókn.** Spyrðu spurninga sem vekja áheyrendur til umhugsunar og hjálpa þeim að skoða eigin tilfinningar.
- **Höfðaðu til góðra hvata fólks.** Hvettu áheyrendur þína til að velta því fyrir sér *hvers vegna* þeir gera góð verk. Hjálpaðu þeim að þroska með sér góðar hvatir eins og kærleika til Jehóva, náungans og Biblíunnar. Hjálpaðu áheyrendum að koma auga á viskuna í Biblíunni, ekki lesa yfir þeim eða skamma þá. Reyndu frekar að uppörva þá svo að þeir séu tilbúnir að gera sitt besta.
- **Beindu athyglinni að Jehóva.** Leggðu áherslu á hvernig viska Biblíunnar, meginreglur og boð endurspeglar eiginleika Guðs og kærleika hans til okkar. Hvettu áheyrendur þína til að þroska með sér löngun til að hugleiða hverjar tilfinningar Jehóva eru og til að þóknast honum.



Mundu að *Jehóva* dregur fólk til sín. Notaðu orð hans til að hvetja áheyrendur.

Í **BOÐUNINNI:** Þegar það er mögulegt skaltu nota spurningar til að komast að því hverju viðmælandi þinn trúir. Taktu eftir svipbrigðum hans og raddblæ til að skilja hvernig honum líður. En sýndu þolinmæði. Þú þarft að öllum líkindum að byggja upp traust áður en viðmælandinn segir hvað hann er að hugsa.



# Áhrifarík lokaorð

# 20

YFIRLIT Í lokaorðunum skaltu hvetja áheyrendur þína til að taka til sín það sem þeir hafa lært og fara eftir því.



Prédikarinn 12:13, 14

## HVERNIG FER MAÐUR AÐ?

- **Tengdu lokaorðin við efnið í heild.** Endurtaktu eða umorðaðu meginatriðin og stefið.
- **Hvettu áheyrendur þína.** Sýndu áheyrendum hvað þeir þurfa að gera og rökstyddu hvers vegna þeir ættu að gera það. Talaðu af sannfæringu og einlægni.
- **Hafðu lokaorðin einföld og stutt.** Ekki kynna ný aðalatriði. Notaðu ekki fleiri orð en nauðsynlegt er til að hvetja áheyrendur til dáða.



Ekki flýta þér að ljúka ræðunni og láttu ekki raddstýrkinn fjara út í lokinn. Láttu heyrast á síðustu setningunum að ræðunni sé að ljúka.

Í **BOÐUNINNI**: Þegar þú lýkur umræðum skaltu endurtaka aðalatriðið sem þú vilt að viðmælandi þinn muni. Ef samtal endar skyndilega skaltu ljúka á jákvæðum nótum. Jafnvel þótt viðmælandinn sé ókurteis geturðu með viðbrögðum þínum stuðlað að því að hann hlusti næst.

